Fréttapíp

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA Nóvember 2024 Nr. 23

Afgerandi meirihluti félagsmanna FP kaus að standa utan Samtaka iðnaðarins

Eftir tveggja ára reynslutíma Félags pípulagningameistara (FP) innan Samtaka iðnaðarins (SI) var það í höndum félagsmanna FP að kjósa um framhaldið og hvort FP ætti að vera innan SI. Fyrirtækið Advania sá um rafræna kosningu fyrir FP. Kjörsóknin var mjög góð, um 74% félagsmanna FP nýttu sér kosningarétt sinn.

Á kjörskrá voru 152 aðalfélagar. Aukafélagar í FP höfðu ekki kosningarétt þar sem aukafélagar eru ekki innan SI. Atkvæðin féllu á þessa leið: 66 félagsmenn (58,41%) vildu að FP væri fyrir utan SI, 32 félagsmenn (28,32%) vildu að FP væri innan SI, og 15 félags-

– Sjá framhald greinar á bls. 2.



KJÖRSÓKN

Fjöldi kjósenda: 113 – Á kjörskrá: 152 – Hlutfall: 74,34%

96. Aðalundur Félags pípulagningameistara var haldinn á Landhóteli

Duglegur blástur og hressileg rigning fylgdi blaðamanni Fréttapíps þegar hann beygði til vinstri af þjóðvegi 1 áleiðis að Landhóteli seint í apríl síðast liðnum. Á leiðinni mátti sjá afleiðingar þessarar hressilegu síðvetrarlægðar í formi

– Sjá framhald á bls. 3

Iðnvélar kynna Boder Lasertæknina

– Sjá bls. 8

TENGI hélt árlegt Golfmót sitt

– Sjá bls. 16&17

Húsasmiðjan með Fagmannadaga

– Sjá bls. 21

GCP Europe's í London 3.-5. júli

- Bls. 14



Afgerandi meirihluti félagsmanna FP kaus að vera utan Samtaka iðnaðarins – Framhald af forsíðu

menn (13,27%) skiluðu auðu. Mat stjórnar FP er að afstaðan sé nokkuð afgerandi eins og niðurstöðurnar gefa til kynna. Það hefði verið mun verra ef munurinn hefði verið minni.

Niðurstaðan: Félag pípulagningameistara mun fara úr SI og Samtökum atvinnulífsins (SA) eftir tveggja ára reynslutíma, og mun úrsögnin taka gildi 1. janúar 2025 samkvæmt bráðabirgðaákvæði 1.12 í samkomulagi FP, SI og SA.

Forsaga málsins er að í mörg ár hefur verið í umræðunni meðal félagsmanna FP af hverju FP væri ekki innan SI og SA, þar sem öll fagfélög innan mannvirkjasviðs eru í SI og SA. Eftir stefnumótun FP árið 2021 var umræðan tekin upp á aðalfundi FP hvort FP ætti að hefja formlegt samtal við SI og fá kynningu fyrir félagsmenn. Umræðan fór í gegnum tvo aðalfundi áður en lögð var fram tillaga um að kjósa um reynslutíma til tveggja ára innan SI. Félagsmenn FP samþykktu með 80% samþykki að ganga inn í SI til reynslu í tvö ár og gekk FP inn í SI í júní 2022. Þessi tvö ár hafa verið lærdómsrík fyrir félagsmenn FP og ekki síður fyrir stjórn FP að sjá hvernig SI og SA starfa fyrir sína félagsmenn. Í þessi tvö ár voru félagsmenn FP hvattir til að kynna sér SI og SA, og margir félagsmenn nýttu sér þá þjónustu sem þar var í boði. Stjórn FP fékk síðan SI með sér í lið varðandi hagsmunamál FP.

Félagsmenn FP meta það svo að hagsmunum FP sé betur borgið fyrir utan SI heldur en innan, eins og niðurstöður kosninganna gefa til kynna. Fyrir hönd FP vil ég þakka fyrir samstarfið síðastliðin tvö ár og óska SI og SA velfarnaðar í framtíðinni.

Böðvar Ingi Guðbjartson, formaður FP.

Við upphaf kosninganna: Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP og Árni Gunnar Ingþórsson, varaformaður FP staddir í höfuðstöðvum Advania sem annaðist framkvæmd kosninganna.

Fréttapíp
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara. Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.

Trausti Guðjónsson var kosinn fundarstjóri á 96. Aðalfundi FP.

Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP flytur skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2023-2024.

Kári Samúelsson lagði fram reikninga FP fyrir starfsárið 2023-2024.

96. Aðalundur Félags pípulagningameistara

– Framhald af forsíðu...

tveggja bílaleigubíla með erlenda ferðamenn sem höfðu lent utanvegar. Ekki öfundsverðir blessaðir túristarnir.

Framundan á Landhóteli var Aðalfundur Félags pípulagningameistara 2024, sá nítugasti og sjötti í röðinni. 100 ára afmælið er því rétt handan við hornið. Að venju eru félagar í FP trúir þeirri hefð sinni að halda Aðalfundinn utan höfuðborgarsvæðisins og sameina hana árshátíð félagsins, þar sem makar félagsmanna koma með á staðinn. Svo er haldið heim á leið daginn eftir.

Allt var til reiðu og Aðalfundurinn hófst stundvíslega kl. 15:00 á því að Böðvar Ingi Guðbjartsson steig í ræðustól og bauð félagsmenn velkomna til fundar. Böðvar gerði að tillögu sinni að Trausti Guðjónsson tæki að sér fundarstjórn og var það samþykkt samhljóða.

Að því loknu tók Trausti við stjórn fundarins og var gengið til fyrirliggjandi dagskrár.

Fyrsta mál á dagskrá fundarins var skýrsla stjórnar Félags pípulagningameistara, sem Böðvar Ingi Guðbjartsson flutti. Böðvar fór gaumgæfilega yfir fjölbreytt starf félagsins á liðnu starfári (sjá nánari í úrdrætti úr skýrslunni hér síðar í greininni).

Þá gaf Trausti, fundarstjóri, Kára Samúelssyni orðið.

Kári kom í ræðustól og fór yfir reikninga FP fyrir síðasta starfsár. Jafnframt svaraði hann ýmsum fyrirspurnum og veitti frekari útskýringar og upplýsingar þar að lútandi. Voru reikningarnir samþykktir samhljóða.

Kári lagði einnig fram fjárhagsáætlun FP fyrir starfsárið 2024-2025.

Engar lagabreytingar láu fyrir fundinum.

– Framhald greinar á bls. 4&5

Stjórnarmenn FP starfsárið 2023-2024, talið frá vinstri: Böðvar Ingi Guðbjartsson, Magnús Björn Bragason, Sigurður Reynir Helgason, Árni Gunnar Ingþórsson, Kári Samúelsson og Ársæll Páll Óskarsson fylgjast grannt með framvindunni á aðalfundinum.

– Framhald greinar á bls. 4&5

Nánar um stjórnarkjör og kosningar um laus sæti í stjórninni á bls. 5.
Kosning til stjórnarkjörs voru þó alls ekki einu kosningarnar á þesum 96. Aðalfundi FP.
Reynslusamningur um veru FP í Samtökum rennur formlega út um komandi áramót. Samkvæmt þeim smningi þurftu félagsmenn FP að taka afstöðu til málsins fyrir lok júní.
Var því ákveðið á fundinum, eftir kosningu meðal fundarmanna, að efna til rafrænnar kosningar meðal félagsmanna FP um framhaldið (sjá umfjöllun á forsíðu og á bls. 2).

Úrdráttur úr Ársskýrslu stjórnar FP fyrir starfsárið 2023-2024

Ágætu félagar.
Á stjórnarárinu gengu inn í félagið 10 manns. Þeir sem gengu í félagið á þessu stjórnarári eru eftirtaldir:
Teitur Bragason, Ísar Mar Árnason, Ámundi Rögnvaldsson, Jökull Sindri Aðalsteinsson, Eyjólfur Viðar Grétarsson, Þórir Örn Þórisson, Þorsteinn Einarsson, Ólafur Níels Eiríksson, Haraldur Ólafsson og Steinþór A. Steingrímsson.
Einn félagsmaður, Bjarni Guðbrandsson, féll frá á stjórnarárinu. Hann var heiðursfélagi FP. Félagar stóðu upp og vottuðu Bjarna virðingu með þögn.

Stjórnin hélt 11 stjórnarfundi á starfsárinu og töluvert fleiri óformlega fundi, vinnufundi. Einnig voru mikil samskipti inn á Messenger.
Einnig var töluverð aukin viðvera í sambandi við SI þar sem formaður mætti reglulega á fundi Meistaradeildar og fleiri fundi sem stjórn reynir að deila með sér.

Nefndarstörf á árinu:
Félagatal: BYKO hefur tekið að sér að gefa út félagatalið og hefur gefið út sitt fyrsta félagatal af þremur. Síðan munu Vatn og veitur taka við boltanum af BYKO.
Tengi er með fyrir FP rafræna upplýsingasíðu tengda við okkar heimasíðu sem er inni á síðunni okkar piparinn.is undir Fræðsla – Handbók pípulagnameistarans.
Einnig má finna undir Fræðsla, síðuna Vatnsiðnaður.

Gæða- og Úrskurðarnefnd: Nokkur mál hafa ratað inn á borð Gæða- og úrskurðarnefndar. Björn Ágúst Björnsson félagsmaður hefur tekið að sér að gera skýrslur sem viðkomandi aðilar hafa greitt fyrir. Hin málin var hægt að leysa í tölvupósti með því að varða leiðina fyrir neytendur.

Blaðaútgáfa: Félag Pípulagningameistara gaf út þrjú blöð á stjórnarárinu, Fréttapíp. Þessum blöðum var síðan dreift á yfir tvöhundruð staði, til allra byggingarfulltrúa landsins, valdar verkfræðistofur, arkitektastofur, SI og fleiri staði. Stjórn FP þakkar Guðjóni Smára fyrir að bera þungann af útgáfu Fréttapíps. Öll blöðin eru nú aðgengileg inn á vef okkar piparinn.is eða um 22 tölublöð samtals.

Euroskills 2023: Euroskills var í september 2023 í Gdansk í Póllandi. Gunnar Ásgeir Sigurjónsson tók að sér þjálfun keppanda ásamt því að fara út sem dómari. Keppandi fyrir okkar hönd var Kristófer Kárason. Nánar er hægt að lesa um þá keppni í Fréttapíp nr. 21. Gunnar hefur fengið og þegið boð um að fara til Lyon í Frakklandi, á WorldSkills næstkomandi september. Þar mun Gunnar gegna hlutverki sem gestadómari. Hugmyndir eru um að bjóða með til Lyon ríkjandi Íslandsmeistara í pípulögnum, Ezekiel Jakob Hansen. Meistari Ezekiels er Rúnar Helgason eigandi Lagnaþjónustu Suðurnesja.
Með þessu fyrirkomulagi gefst keppanda tækifæri á að sjá umfangið á keppninni. FP mun síðan senda Ezekiel á EuroSkills á næsta ári sem verður haldið í Danmörku í september 2025 stað sem heitir Herning.

Kjósa þurfti tvo nýja menn í stjórn – fjórir í framboði

Félagsmenn FP hafa alltaf verið afskaplega áhugasamir um starfsemi og velferð félagsins. Það kom því ekki á óvart að kjósa þurfti milli manna um um tvo nýja stjórnarmenn þar sem fjórir voru í framboði. Kjörseðlar voru útbúnir og gengu félagar til kosninga.
Eftirtaldir buðu sig fram: Árni Gunar Ingþórsson, Atli Rúnar Óskarsson, Ámundi Rögnvaldsson og Einar Pálsson.
Árni og Ámundi hlutu kosningu.

Kjaramálin: Kjarasamningur var undirritaður í mars á þessu ári milli Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins sem að fól í sér breytingar og viðbætur á m.a. kjarasamningi Samiðnar við Félag pípulagningameistara.
Kjarasamningarnir gilda afturvirkt frá 1. febrúar 2024 og taka þannig beint við af brúarsamningnum sem var með gildistíma til 31. janúar 2024. Gildandi samningur er í gildi til 31. janúar 2028.
Gagnvart félagsmönnum FP gilda allir almennir skilmálar samningsins og taka því laun hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki:.

1. febrúar 2024:	3,25%	eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50%	eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50%	eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50%	eða 23.750 kr.

Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Þó koma eftirfarandi þættir fram í samningnum sem varða sérstaklega FP en það eru þá fyrst og fremst kauptaxtar á samningstímabilinu og ákvæði um orlofsauka.

Húsnæðismál: Erum í Stórhöfða 29, 110 Reykjavík. Til stendur að hafa skrifstofuna opna einu sinni í viku og verður það tilkynnt síðar.
Leigan hækkar og hækkar út af vísitölunni. Ég kannaði vilja leigusalans okkar um hvort hægt væri að endurskoða þessa hækkun. Það var ekki hægt og ef við erum ósáttir megum við rifta samningi án nokkurra eftirmála.
Spurning hvort við leitum eftir húsnæði til að kaupa eins og við létum greina fyrir okkur fyrir nokkrum árum þar sem kom berlega í ljós að hagstæðara væri fyrir okkur að eiga sjálfir húsnæði.

Heimasíðan: Mikil umferð er um heimasíðuna hjá okkur piparinn.is. Síðan er reglulega auglýst og þar má finna mikið af nytsamlegum upplýsingum.

Stjórnin: Samkvæmt lögum FP í 5. gr. kemur fram að stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára formaður og varamaður til eins árs. Magnús Björn Bragason og Ársæll Páll Óskarsson luku sínu kjörtímabili og gefa ekki kost á sér áfram. Kári Samúelsson og Sigurður Reynir Helgason eiga eitt ár eftir af sínu kjörtímabili. Árni Gunnar Ingþórsson gefur ekki kost á sér í varamann en gefur kost á sér í stjórn. Rúnar Helgason gefur kost á sér í varamann í stjórn.
Böðvar Ingi Guðbjartsson gefur kost á sér sem formaður FP.
Fjórir gefa kost á sér í stjórn og verður því kosið um umrædda aðila hér á eftir (sjá umfjöllun á bls. 4). Ég vil þakka Magnúsi og Ársæli vel unnin störf sem þeir sinntu af mikilli prýði.

Lögfræðimál: SI sendi nokkrum fyrirtækjum áminningarbréf, fyrir okkar hönd,

– Framhald greinar á bls. 6&7

Kosningastjórar sáu um að allt færi vel fram

Kosningastjórarnir Gísli Guðjónsson og Elías Fannar Stefnisson standa hér skælbrosandi og einbeittir við hinn einstaka sérútbúna kjörkassa. Þeir stóðu vel undir traustinu og sáu til þess tvennar kosningar FP fóru fram með friði og spekt.

– Framhald greinar af bls. 5

þar sem grunur er um starfssemi án meistara í forsvari. Um er að ræða fyrirtæki sem rekið er í atvinnuskyni við pípulagnir, sem er lögvernduð iðngrein. Forsvarsmanni fyrirtækisins er gefinn kostur á að svara innan 14 daga. Að þeim dögum liðnum er líklegt að viðkomandi verður kærður til lögreglu. Eigendur flestra fyrirtækja höfðu samband og tilkynntu að þeir væru að klára meistaraskólann. Í þeim tilfellum verður ekki kært til lögreglu þar sem tilgangurinn helgar meðalið. Nokkrir sem fengu bréf frá félaginu hafa gengið inn í FP eftir að þeir kláruðu meistaraskólann. Til stendur að breyta lögum um handiðnað varðandi að kæra til lögreglu. Í staðinn fyrir að kæra til lögreglu geta fagfélög tilkynnt til viðkomandi ráðuneytis sem er með viðkomandi málaflokk. Ráðuneytið sendir bréf til fyrirtækis þar sem grunur er um að verið sé að brjóta lög. Ef í ljós kemur að viðkomandi fyrirtæki sé að brjóta lög verður beytt sektum og fyrirtæki tekið af ÍSAT skráningu.

Menningar og skemmtinefnd: Það er töluverður tími sem fer í að skipuleggja árshátíð og afþreyingu fyrir maka og vil ég því þakka menningar og skemmtinefnd fyrir þeirra framlag og ég tek fram að ég hlakka mikið til kvöldsins. Það tókst vel til síðast – engin pressa!

Hugverkastofa:
FP er komið með skráningarskírteini fyrir merkið okkar/logoið okkar. Engin má nota logo FP nema með leyfi og samþykki stjórnar FP. Um notkun merkisins gilda ákveðnar reglur sem félagsmenn eru hvattir til að kynna sér. Nánar um þær upplýsingar eru að finna á heimasíðunni okkar piparinn.is

Rafræn kosning Advania og SI:
Á aðalfundi 2022 var samþykkt að bjóða félagsmönnum FP að kjósa rafrænt að SI og SA. Félagsmenn samþykktu inngöngu í SI og SA og urðu þau merkilegu tímamót í sögu FP þann 13. júní 2022. Í lið nr. 1.13 í samkomulaginu er bráðabirgðaákvæði þar sem FP er heimilt að segja upp samningi fyrir 1. júlí 2024 og skal þá uppsögn taka gildi 1. janúar 2025. (Sjá umfjöllun um aðildarkosningar á forsíðu blaðsins og bls. 3).
Sögu- og minjanefnd: Hefur fengið það göfuga hlutverk að taka menn tali til að ná í sögurnar sem þurfa að rata í bókina sem FP ætlar að gefa út á 100 ára afmæli FP sem verður 1928. Nánar um þetta í lið nr. 7, Bók FP. Saga FP í 100 ár. Kjósa um framhaldið.

NEPU – Norrænt samstarf: Undirritaður og Gunnar Ásgeir Sigurjónsson fóru fyrir hönd FP á ráðstefnu í Finnlandi í ágúst 2023. Nánar er hægt að lesa um þá ferð í Fréttapíp nr. 21.

GCP Europe: Undirritaður fór til Brussel í nóvember 2023 inn á sjálft Evrópuþingið ásamt systursamtökum okkar GCP Europe þar sem við fengum áheyrn þingmanna ásamt fyrirlestrum um hin ýmsu mál.
GCP Europe eru samtök þar sem fagfélög pípara í Evrópu koma saman til að fjalla um málefni fagsins og sameiginlega snertifleti. GCP Europe hefur síðan góð tengsl og tengiliði við Evrópuþingið.
Áhyggjur Evrópusambandsins eru skortur á iðnmenntuðu fólki. Ungt fólk er ekki að skila sér í iðnnám og öll gröf sýna fram á að árið 2030 muni vanta um og yfir 3 milljónir iðnmenntaðra einstaklinga. Á málstofu GCP Europe var undirritaður spurður að því hvað við á Íslandi værum að gera varðandi þennan málaflokk þar sem mikil aðsókn er í iðnnám á Íslandi.
Undirritaður taldi það vera fyrst og fremst vegna þess að fagið er lögverndað og sá sem hyggur á að mennta sig í pípulögnum á Íslandi mun eignast starfsöryggi þar sem fagið hefur með almannahagsmuni að gera og að það má ekki hver sem er vinna við fagið nema að hafa öðlast réttindi.
Og viti menn… nánar er hægt að lesa um þá ferð í Fréttapíp nr. 21.
Á FP að vera í erlendu samstarfi með öðrum systrafélögum eins og t.d. GCP Europe og ef svarið er já hver er ávinningurinn að slíku samstarfi fyrir FP.
Ég átti Teams fund með GCP Europe í byrjun árs og þau voru mikið að spyrja út í lögverndun iðngreina. Undirritaður telur hag í því að vera í erlendu samstarfi og vissulega þarf að skoða þetta nánar.

Stjórn Félags pípulagningameistara fyrir starfsárið 2024-2025, talið frá vinstri:
Sigurður Reynir Helgason, stjórnarmaður, Kári Samúelsson, gjaldkeri, Böðvar Ingi Guðbjartson, formaður, Ámundi Rögnvaldsson, ritari, Rúnar Helgason, varamaður og Árni Gunnar Ingþórsson, varaformaður.

Píparasveit Almannavarna – Félag pípulagningameistara:
9. nóvember 2023 leituðu Almannavarnir til Samtaka iðnaðarins vegna neyðarástands sem þá hafði verið lýst yfir í Grindavík. Kannað var hvort SI gæti sett saman hópa pípara og rafvirkja sem gætu komið að björgun húseigna frá yfirvofandi skemmdum á lagnakerfum. Sviðsstjóri Mannvirkjasviðs SI, Jóhanna Klara, setti sig í samband við formenn FP og SAR, sem brugðust vel við. Var komið þeim skilaboðum til almannavarna að ef þörf yrði á aðstoð þá væri atvinnurekendur í þessum iðngreinum tilbúnir. Stjórn FP tók síðan málið í sínar hendur og félagsmenn voru virkjaðir og samtakamátturinn var gríðarlegur eins og flestir vita.

Málstofa um SI: Í febrúar 2024 vorum við með málstofu um SI. Ekki var góð mæting en við náðum góðu samtali.

Að lokum nokkur mál frá fundargerðum stjórnar:
Veitur höfnuðu Rörtönginni í útboði vegna meints vanhæfnis við Plastsuðu sem kennd er til Sveinsprófs í Tækniskólanum.
Eftir viðræður við Veitur er Sveinspróf núna viðurkennd sem fullgild réttindi til plastsuðu í verkefnum sem Veitur bjóða út.
FP tekur alltaf þátt í Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur.
Meistaraskólinn – Núna þurfa nemendur að mæta í próf sem tekið er á staðnum eftir ábendingar FP. Námskeið fyrir félagsmenn í gegnum Iðuna fræðslusetur til að undirbúa félagsmenn FP undir næstu virkniskoðun á gæðakerfinu.

Samstaða – Hagsmunir – Sýnileiki – Kom út úr stefnumótun FP árið 2021: Við í FP erum í þessu saman til að efla samstöðuna okkar í milli þar sem við gætum okkar hagsmuna og við höfum verið sýnilegir út á við. Félagið hefur verið að auglýsa í útvarpinu og tekið þátt í keppnum þar sem við höfum haldið mót í iðn- og verkgreinum og sent ríkjandi Íslandsmeistara í pípulögnum á EuroSkills. Við höfum fengið jákvæða og góða umfjöllun þar sem við höfum komið að björgun verðmæta vegna eldsumbrota á Reykjanesinu sem Píparasveit Almannavarna. Við gáfum út í forvarnarskyni leiðbeiningar til húseigenda þar sem vakin er athygli á atriðum sem geta forðað vatnstjóni.

Leiðbeiningarnar voru gefnar út í samvinnu við Samtök fjármálafyrirtækja og SI. Reynslan sýnir að það getur skipt miklu máli fyrir húseigendur að þekkja lagnakerfin sín ef það t.d. bilar eða fer að leka. Með því að þekkja kerfin sé mögulegt að fyrirbyggja eða takmarka tjón. Hægt er að nálgast þessar leiðbeiningar inn á vefnum okkar píparinn.is. Einnig gáfum við út ásamt Samtökum rafverktaka leiðbeiningar til íbúa ef hitaveita bregst tímabundið og eru þær leiðbeiningar aðgengilegar inni á vef HS Veitna. FP hefur með þessu gert sig gildandi í samfélaginu og við höfum sýnt fram á mikilvægi iðnmenntunar.

Aðsókn í FP hefur verið góð undanfarin ár og mitt mat er að allir pípulagningameistarar eiga að vera í FP, félagi sem berst fyrir hagsmunum pípulagningameistara. Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum frábært samstarf.

Ágætu félagsmenn, félag okkar er traust og gott félag. Góður og öflugur málsvari fyrir sína félagsmenn. Við sem í ykkar umboði stöndum vörð um félagið munum gera okkar besta til að félagið megi lifa og dafna um ókomna framtíð.

Böðvar Ingi Guðbjartsson,
formaður Félags pípulagningameistara.

Allt fyrir pípulagnirnar
Lagnadeild Fagmannaverslunar Húsasmiðjunnar

Hafðu samband við Stefán Jan varðandi ráðgjöf og tilboð.

Stefán Jan
Sölustjóri lagnaverslunar
stefanjan@husa.is - Sími: 664 3666

HÚSASMIÐJAN FYRIR ÞIG

GROHE
Danfoss
damixa
ATUSA
HENRAD
GIACOMINI
FERRO
PEŠTAN we build trust
GENERAL FITTINGS
HENCO
INDURA
vimotar
GUSTAVSBERG
ROTHENBERGER

Iðnvélar kynna og sýna Laser skurðarvél og Lasersuðuvél – Undratæki frá Boder



Stóra myndin: Bodor Laserskurðarvélin að störfum. Mynd að ofan sýnir nokkra hluti sem vélin skar út á sýningunni. Til hægri er svo Bodor Lasersuðuvélin.

Það var líf og fjör og mikil traffík í Blikksmiðjuna Gretti á Funahöfða 5, Föstudaginn 27. september s.l. Þar var opið hús á vegum Iðnvéla á Dalvegi 10-14 Kópavogi. Þar gaf að líta nýjustu tækni í Laserskurðarvél frá Bodor og Lasersuðu frá Bodor, ásamt kynningu á hugbúnaði frá Lantek.

Bodor Laserskurðarvélar eru fyrir plötuvinnslu og rör, auk sambyggðra véla. Bodor er söluhæsti framleiðandi Laserskurðarvéla í heiminum, með áherslu á þjónustu og mjög hagstæð verð. Nú þegar eru nokkrar vélar komnar til landsins og í fulla notkun.
Bodor framleiða einnig Lasersuðuvélar. Iðnvélar hafa nú þegar vélar tilbúnar til afgreiðslu af lager.
Einnig var á svæðinu sérfræðingar frá Lantek. Lantek framleiðir hugbúnað fyrir járnsmíða- og trésmíðaverkstæði. M.a. heildstæðar lausnir fyrir skurðavélar, lokka og beygjuvélar, auk þess sem þeir bjóða upp á hugbúnað fyrir tilboðsgerð og utanumhald verka. Allar frekari upplýsingar og fyirspurnir hjá Iðnvélum í síma 414 2700 eða á www. idnvelar@falkinnismar.is.

Umhverfisvænn
frostlögur
fyrir hita og kælikerfi
• Vörn gegn frosti og tæringu
• Hentugt fyrir alla málma
• Eykur endingartíma
• Kemur í veg fyrir gerlamengun
• Vörn allt niður að -30°C
• Engin eiturefni-umhverfisvænt
• Léttir dælingu
FERNOX
LÆTUR VATNIÐ VINNA
Hringás
Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is

ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

IÐAN fræðslusetur

Staðnám

Loftþéttleika-mælingar húsa

Þetta námskeið er ætlað þeim sem vilja kynna sér og/eða framkvæma loftþéttleikamælingar á húsum. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um loftþéttleikamælingar og framkvæmd þeirra. Á námskeiðinu fara fram mælingar á þéttleika tilraunahúss Iðunnar og BYKO sem stendur á lóð Iðunnar og munu allir þátttakendur fá að framkvæma slíkar mælingar.

Í kafla 13.5 í byggingarreglugerð um lofþéttleika húsa segir að tryggja skuli að hús séu nægjanlega loftþétt til að koma í veg fyrir orkutap og að dragsúgur valdi ekki óþægindum. Fyrir fullhitað húsnæði (Ti>[18°C]1)) skal miða við að þéttleiki byggingarflata í hjúpfleti sé nægjanlegur þannig að lofthleypni mæld við 50 Pa mismunaþrýsting sé minni heldur en töflugildi sýna.

Farið er í gegnum aðferðafræði loftþéttleika-mælinga ásamt tækjum og hugbúnaði sem notaður er við mælingarnar. Einnig verður fjallað um loftleka, helstu ástæður fyrir þeim og þær afleiðingar sem þeir geta haft í för með sér. Einnig hvaða ráðstafanir er hægt að gera til að þétta hús fyrir loftlekum.

Námskeiðið er í tvennu lagi, annars vegar fræðilegur hluti sem er 3 klst og inniheldur meðal annars verkefni sem unnið er í tölvu sem er á staðnum. Hins vegar er verklegur hluti sem er 1,5 klst. Allir þátttakendur sitja fræðilega hlutann en verklega hlutann framkvæma tveir þátttakendur saman. Verklegi hlutinn fer fram daginn eftir fræðilega hlutann ef veður leyfir annars í samráði við þátttakendur.

Leiðbeinendur á námskeiðinu hafa báðir sótt námskeið erlendis í loftþéttleikamælingum og einnig framkvæmt þær við raunverulegar aðstæður hérlendis og erlendis í mismunandi mannvirkjum. Jósef Anton Skúlason er húsasmíðameistari og byggingarstjóri. Ásgeir Valur Einarsson er byggingafræðingur og leiðtogi sjálfbærni hjá Iðunni fræðslusetri.

Námskeiðið var búið til með styrk úr Aski – mannvirkjarannsóknarsjóði.

Miðvikdagur 22. janúar 2025.
Kl. 09:00-14:00.
Lengd: 5 klukkustundir.

Kennari:
Ásgeir Valur Einarsson, byggingafræðingur/ leiðtogi í sjálfbærni.

Staðsetning:
IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

Tengiliður
Sólveig Indriðadóttir, solveig@idan.is.

IÐAN fræðslusetur og Rafmennt setja á laggirnar nýjan skóla – Öryggisskóla iðnaðarins

Iðan fræðslusetur og Rafmennt vinna um þessar mundir að undirbúningi og stofnun Öryggisskóla iðnaðarins. Meðal annars er verið að auglýsa eftir og ráða til starfa Leiðtoga Öryggisskólans.

Öryggisskóli iðnaðarins er fyrst og fremst stofnaður til að veita fræðslu og þjálfun í þeim tilgangi að draga úr slysum í iðnaði. Skólinn er í eigu Rafmenntar og Iðunnar fræðsluseturs og nýtur auk þess samstarfs og ráðgjafar Vinnueftirlitsins. Áætlað að hann verði formlega stofnaður 1. janúar 2025.

Megináhersla á bygginga- og mannvirkagreinar í byrjun
Meginverkefni leiðtogans tengist í fyrstu stofnun skólans og því að koma starfseminni í gang. Í byrjun verður megináhersla lögð á bygginga- og mannvirkjagreinar og markhópurinn því fyrirtæki og stofnanir í mannvirkjagerð. Grunnnámskeið skólans mun fjalla um grundvallar öryggismál við mannvirkjagerð og á byggingarvinnustöðum en framtíðaráform innihalda sérhæfðari námskeið og netnámskeið. Stefnt er að því að rými verði fyrir hvort tveggja fræðslu og verklega þjálfun.

Gott samstarf við hagaðila lykilatriði
Hlutverk leiðtogans felur meðal annars í sér gott samstarf og samvinnu við hagaðila, að greina þarfir fyrirtækja og stofnana og þróa fræðslu sem stuðlar að bættu öryggi og öryggismenningu á vinnustöðum. Leiðtoginn hefur forystu um að bjóða vönduð námskeið og fræðsluefni, kynna Öryggisskólann og halda utanum tæknimál og miðla á vegum skólans.
Meginmarkmið skólans er að draga úr slysum í iðnaði með því að fræða og upplýsa eigendur og starfsfólk fyrirtækja í iðnaði um mikilvægi öryggisþátta, veita þjálfun og stuðla að aukinni öryggismenningu.

Helstu verkefni og ábyrgð
Fagráði Öryggisskólans hefur verið komið á fót og verður fagráðið leiðbeinandi um náms- og fræðsluframboð. Fagráð Öryggisskólans verður skipað aðilum frá Iðunni, Rafmennt og Vinnueftirlitinu.

HMS útgáfa:
RB-blað mánaðarins er um Dren

HMS hóf ryrir nokkru endurútgáfu á svonefndum Rb-blöðum, sem eru tækni- og leiðbeiningablöð um mannvirkjagerð. Viðfangsefni Rb-blaða hafa verið fjölbreytt í gegnum tíðina og mun HMS birta blöð í lok hvers mánaðar sem tengjast málefnum líðandi stundar.
Rb-blað mánaðarins fjallar í þetta skiptið um jarðvatnslagnir við hús og kjallara. Rb-blað mánaðarins var gefið út í janúar 1973. Önnur útgefin Rb-blöð má nálgast inn á hms.is.
Dren er í einfölduðu máli frárennsliskerfi sem leiðir jarðvatn frá mannvirkjum með þann tilgang að halda byggingarhlutum í jarðvegi þurrum. Að hausti, þegar mikil úrkoma er algeng, eykst álag á drenkerfi, sérstaklega þegar hitastig sveiflast milli frosts og þýðu. Þessar aðstæður geta leitt til asahláku, sem setur enn frekara álag á kerfin.
Því er afar mikilvægt að vanda til verka varðandi lagningu drens, en röng staðsetning eða halli getur haft ófyrirséðar afleiðingar í för með sér líkt og leka í kjallara og rakaskemmdir.

NV Lífrænar hreinsistöðvar frá Vatnsvirkjanum

NV er lífræn hreinsistöð fyrir skolp samsett af tveimur hólfum í einum tanki

EINFALT VAL Á BÚNAÐI

TRAIDENIS

Gerð stöðvarinnar	Skilvirkni m^3/d	Fjöldi notenda (Allt að)	Nettó hæð stöðvarinnar (m)	Þvermál stöðvarinnar (m)	Þyngd stöðvarinnar (kg)
NV-1	0,8	6	2,53	1,71	188
NV-2	1,44	11	3,03	2,15	289
NV-3	2,52	20	3,72	2,73	578
NV-4	3,42	28	3,99	3,00	1000

Við val á hreinsistöð er best á að leita til ráðgjafa Vatnsvirkjans

CE NV-stöðvar samræmast öllum kröfum tilskipunar ESB nr. 89/106/EBE og einnig öllum ákvæðum staðalsins EN 12566-3:2005+A2:2013

